

ALTA
Ásdís Hlökk Theodórsdóttir
Suðurlandsbraut 12
108 Reykjavík

2006070053
6000; 9310

Reykjavík, 1. nóvember 2006

Efni: Miðhúsabraut á Akureyri. Ákvörðun um matsskyldu

Vísað er til erindis Alta ehf. f.h. Akureyrarbæjar dags. 11. júlí 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Miðhúsabrautar frá Hlíðarbraut að Mýrarvegi á Akureyri samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Akureyrarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Akureyrarbæ með bréfi dags. 27. júlí 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 10. ágúst 2006, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 3. ágúst 2006 og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 27. júlí, 23. ágúst og 23. október 2006. Frekari upplýsingar bárust frá Alta ehf. með bréfi dags. 15. ágúst, 12. og 24. október 2006.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Akureyrarbær hefur, vegna uppbyggingar í Naustahverfi, skoðað ýmsa kosti varðandi legu tengibrauta að hverfinu, með það að markmiði að taka við aukinni umferð. Sú útfærsla á Miðhúsabraut sem kynnt er í greinargerð um framkvæmdina miðast við legu frá Hlíðarbraut, vestan Mjólkursamlags til austurs að gatnamótum við Mýrarveg. Framkvæmdin felur í sér lagningu um 1850 m langrar og um 7,5 m breiðrar tengibrautar með einni akrein í hvora átt og um 2,5 m malaröxlum beggja vegna. Gert er ráð fyrir að við veghönnun verði haldið nægu svæði til að breikka veginn síðar ef þörf krefur. Gera þarf breytingar á gatnamótum Þingvallastrætis, Súluvegur og Hlíðarbrautar. Gróflega áætluð efnisþörf framkvæmdarinnar er um 60 þús. m³. Gert er ráð fyrir að um 52 þús. m³ af efni falli til við skeringar í vegstæðið og nýtist við framkvæmdina. Til viðbótar má gera ráð fyrir um 5 þús. m³ af efni sem þarf að sækja annað og verður það efni sótt í námur sem eru í rekstri við Þverá, að Björgum eða í Eyjafjarðará. Við framkvæmdina verður reynt að lágmarka rask á gróðri og jarðvegi og hafa vegskeringar ekki opnar lengur en nauðsyn krefur. Jarðvegur sem

verður rutt af yfirborði vegstæðis verður nýttur við lokafrágang eins og unnt er. Sáð verður í raskað svæði utan við malaraxlirnar. Gengið verður frá öllum veltengingum og göngustígum eins og við á. Gert er ráð fyrir að Miðhúsabraut frá Hlíðarbraut að Mýrarvegi verði lögð á árinu 2006 í einum áfanga.

Áhrif á hljóðvist. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gert sé ráð fyrir að hávaði verði undir viðmiðunarmörkum á kaflanum frá Hlíðarbraut að gatnamótum við Brálund án sérstakra hljóðvarna. Á kaflanum frá Brálundi að gatnamótum við Mýrarveg fari hávaði lítillaga yfir viðmiðunarmörk við hús sem standi við Beykilund, Reynilund, Bjarkarlund og Grenilund ef engar hljóðvarnir verði reistar. Fram kemur að með hljóðvörnum, allt að 2 m háum veggjum og mönum meðfram Miðhúsabraut, verði hægt að ná hljóðstigi niður fyrir viðmiðunarmörk.

Áhrif á landslag og jarðmyndanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lagning Miðhúsabrautar muni valda raski á gróðri og jarðmyndunum sem lendi í vegstæðinu sjálfu og hafa sjónræn áhrif á landslag á framkvæmdasvæðinu. Kaflinn frá gatnamótum við Mýrarveg að Smáhólum einkennist fyrst og fremst af grónum túnum og þýfðu graslendi sem ræst hafi verið fram með skurðum. Smáhólar séu smáhryggir með klöppum sem þurfi að skera í gegnum fyrir veginum. Svæðið norðvestan við Smáhóla einkennist helst af grösugum túnum. Suðaustan við Mjólkursamlagið er trjálundur sem Miðhúsabraut muni liggja vestan við áður en hún tengist Hlíðarbraut norðan Mjólkursamlagsins.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að engin þeirra minja sem gerð er grein fyrir í Aðalskipulagi Akureyrar sé á framkvæmdarsvæði Miðhúsabrautar.

Áhrif á landnotkun og samræmi við skipulagsáætlanir. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Miðhúsabraut muni einkum hafa í för með sér sjónræn áhrif á svæði sem nýtt hafi verið til útivistar. Einnig megi gera ráð fyrir lítils háttar áhrifum á hljóðvist við nyrðri hluta golfvallarins. Vegstæðið er utan við núverandi íbúðarsvæði og er gert ráð fyrir óverulegum áhrifum á gangandi og hjólandi umferð. Framkvæmdin sé í samræmi við tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Akureyrar 2005–2018.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Meðhöndlun ofanvatns. Umhverfisstofnun bendir á að í tilkynningu um framkvæmdina komi ekkert fram um meðhöndlun ofanvatns.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun Miðhúsabrautar sé gert ráð fyrir að ofanvatn renni út af veginum og sitri ofan í jarðveg í nágrenni vegarins og sé ekki talið tilefni til að ætla að af því hljótist veruleg neikvæð umhverfisáhrif.

Í frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ekki til eftirbreytni að menguðu ofanvatni sé veitt óhindrað í jarðveg umhverfis veginn. Nú séu til leiðir til þess að draga umtalsvert úr dreifingu mengunar með ofanvatni og telur stofnunin að opinberir aðilar

ættu að stefna að slíku eins og kostur er.

Áhrif á hljóðvist. Umhverfisstofnun bendir á að liggja verði ljóst fyrir hvert hljóðstig verði eftir lagningu Miðhúsabrautar miðað við umferðarspár og hvort og þá hvar þörf sé á mótvægisadgerðum vegna hávaða. Stofnunin bendi á að helstu áhyggjur almenninga vegna nýrra vega lúti að hljóðvist og því mikilvægt að almenningur, íbúar og eigendur viðkomandi húsa fái tækifæri til að kynna sér áhrif framkvæmdarinnar og koma að athugasemdum við hana. Halda beri hljóðstigi á útivistarsvæðum í þéttbýli innan við 55 dB(A) samkvæmt reglugerð um hávaða og á það við um nyrðri hluta golfvallarins.

Í svörum framkvæmdaraðila við frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að samkvæmt niðurstöðum nýrra hljóðvistarútreikninga verði hljóðstig yfir viðmiðunarmörkum við nokkur hús, miðað við umferð árið 2020 án hljóðvarna. Vel megi ná hljóðstigi niður fyrir viðmiðunarmörk við öll hús sem skoðuð hafi verið, fyrir utan efri hæðir B húss við mót Ásatúns og Kjarnagötu í Naustahverfi. Þá sé miðað við u.þ.b. 1,5 m háa hljóðmön á móts við Holtateig og u.þ.b. 2,5-3 m háa hljóðmön á móts við hús við Ásatún. Einnig sé gert ráð fyrir 1,2 m hljóðmön við Kjarnagötu til að ná hljóðstigi niður við B húsið. Deiliskipulag geri ráð fyrir hljóðmön nema við Ásatún austan Fossatúns en nýir hljóðvistarútreikningar hafi leitt í ljós að þörf geti verið á u.þ.b. 2,5-3 m hárra hljóðmön á þessum kafla, en hugsanlegra lægri eftir því sem Miðhúsabraut liggir fjær hverfinu. Lagning Miðhúsabrautar kalli því á að gerð verði breyting á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis þannig að bætt verði inn ákvæðum um hljóðskermendi landslagsmótun meðfram Ásatúni austan Fossatúns. Nýir hljóðvistarútreikningar sýna að með u.þ.b. 1,5 m hárra hljóðmön norðan Miðhúsabrautar verði hljóðvist þar alls staðar neðan viðmiðunarmark. Ekki sé tilefni til að ætla að hljóðmön af þeirri stærðargráðu, í þeirri fjarlægð sem vegurinn verður almennt frá byggðinni að norðan, hafi mikil sjónræn áhrif umfram þær breytingar sem óhjákvæmilega verða á ásynd svæðisins vegna tilkomu vegarins. Nýir hljóðvistarreikningar hafa leitt í ljós að ekki sé tilefni til að óttast að Miðhúsabraut muni hafa veruleg neikvæð áhrif á hljóðvist á golfvellingum.

Í enn frekari umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að svör framkvæmdaraðila ásamt þeim upplýsingum sem veittar séu um ákvæði í deiliskipulagi svari flestum athugasemdum stofnunarinnar um hljóðstig, að því undanskildu að ekki verði séð hvort eða hvernig ákvæðum um hljóðstig verði fylgt á svæði sem afmarkað sé sem ný byggð fyrir norðan Miðhúsabraut.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að minjavörður Norðurlands eystra hafi skostað fyrirhugað vegstæði til að meta þörf fyrir frekari fornleifaskráningu, en engar fornleifar hafi fundist.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu um 1850 m langrar tengibrautar, Miðhúsabrautar, frá Hlíðarbraut vestan Mjólkursamlags austur að gatnamótum við Mýrarveg. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á landslag verði ekki veruleg þar sem að mestu er farið um flatt land, mólendi og framræst tún. Engar sérstæðar jarðmyndanir verða

fyrir áhrifum af framkvæmdinni. Með þeim mótvægisáðgerðum sem kynntar eru, þ.e. hljóðmönnum, verða áhrif umferðar um Miðhúsabraut á hljóðvist ekki veruleg. Tekið er undir með Umhverfisstofnun um að ekki sé æskilegt að ómeðhöndlað ofanvatn af götum berist út í umhverfið og er framkvæmdaraðili hvattur til að kanna möguleika á úrbótum hvað það varðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Alta ehf. fyrir hönd Akureyrarbæjar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Miðhúsabrautar frá Hlíðarbraut að Mýrarvegi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er ekki í samræmi við gildandi Aðalskipulag Akureyrar 1998-2018. Hins vegar er gert ráð fyrir henni á þessum stað í samþykktu Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem er í staðfestingarferli. Akureyrarbær þarf að kanna hvort nauðsynlegt reynist að breyta deiliskipulagi þar sem Miðhúsabraut liggur næst íbúðarbyggð. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Akureyrarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 4. desember 2006.

Sigurður Ásbjörnsson

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Akureyrarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.